



## Fundargerð

**464. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu  
Kirkjubæjarstofu þekkingarselurs Klausturvegi 4, 2. hæð,  
15. júlí 2021, kl. 15:00.**

### Fundinn sátu:

Eva Björk Harðardóttir, Arndís Jóhanna Harðardóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Björk Jónsdóttir, Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirs dóttir, Katrín Gunnarsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 8 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt á Youtube. Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá að við málefna skrá bætist:

- II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu  
12. Fjallskilanefnd A-Síðu. Jón Jónsson, dags. 14.07.2021

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi:

16. júní fundur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu ásamt verkefnisstjóra Sv. Suðurland.  
16. júní fundur með umhverfis- og auðlindaráðherra á Kirkjubæjarklaustri vegna mögulegrar stækunar Vatnajökulsþjóðgarðs  
18. júní fundur á Skógum með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vegna sameiningarviðræðna  
22. júní kynning á viðhorfskönnun Köllu jarðvangs meðal erlendra íbúa  
22. júní aðalfundur Eldvilja ehf  
22. júní fundur í samráðshópi sveitarfélagsins, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar  
22. júní kynning Qair á tillögu að matsáætlun fyrir vindorkugarð á Grímsstöðum í Meðallandi  
28. júní aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands á Hellu  
28. júní heimsókn stjórnar Bergrisans að Sólheimum í Grímsnesi  
1. júlí fundur með fulltrúum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna tilraunaverkefnis í meðhöndlun úrgangs.  
2. júlí stjórnarfundur Eldvilja ehf.

### Fundargerðir til samþykktar

1. 1904001 - 13. fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps, dags. 28.06.2021  
1. Bonn áskorunin.

Birkiskógar þekja um 3.175 ha í sveitarfélagini Skaftárhreppi eða um 1% af flatarmáli lands undir 400 m.y.s. og jókst þekjan um 179 ha frá 1987 til 2012.



Leggur vinnuhópur um endurskoðun aðalskipulags til við sveitarstjórn að lögð verði áhersla á ræktun á birki, varðveislu birkiskóga og endurheimt raskaðra vistkerfa enda fellur það vel að markmiðum íslenskra laga og markmiðum alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar þar sem hlúð sé að líffræðilegri fjölbreytni og að náttúruvernd sé stunduð með innlendum tegundum. Í sveitarfélagini er mikið landrými þar sem hægt er að ná árangri í endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu á Íslandi með aukinni útbreiðslu birkiskóga. Nú þegar eru birkiskógar í sókn og má búast við að þeir stækki enn meira með breyttri landnýtingu og hlýnandi veðurfari.

Hvatt er til samstarfs Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, Skaftárhrepps og landeigenda búfjárlausra jarða og er þá einkum horft til jarðanna Skaftárdals, Skálar, Ár og hluta Holtsjarða um beitarfriðun svæðis um 7500 ha norðan Skaftár. Auk þess verði birkiskógi hjálpað á legg þar sem þeir geta síðan breiðst út svo sem í landi Ár á Hálsaleirum þar sem skógurinn mun enn fremur gegna því mikilvæga hlutverki að hefta fok jökulleirs.

**Sveitarstjórn þakkar vinnuhópi um endurskoðun aðalskipulags fyrir tillögurnar og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við Skógræktina og Landgræðsluna.**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

2. 1910014 - Tillaga sameiningarnefndar sveitarfélagsins Suðurland - síðari umræða

Í nóvember 2020 samþykktu sveitarstjórnir Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefnd hefur skilað álið sínu til sveitarstjórnar með skilabréfi dags. 7. júní og greinargerðinni Sveitarfélagið Suðurland-stöðugreining og forsendur dags. 7. júní 2021.

Samstarfsnefndin kom saman á 11 bókuðum fundum. Samstarfsnefnd skipaði 5 starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Minnisblöð frá vinnu starfshópa eru aðgengileg á vefsíðu verkefnisins og hefur verkefnið verið kynnt á íbúafundum og sjónarmiða þeirra aflað.

Það er álit samstarfsnefndar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram laugardaginn 25. september 2021 í öllum sveitarfélögum. Jafnframt leggur nefndin til að samstarfsnefnd verði falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að atkvæðagreiðsla um sameiningu Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps fari fram 25. september 2021 og felur samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðsluna og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum.**



Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar á Alþingi og ríkisstjórn að bæta samgöngur innan svæðisins. Sérstök áhersla verði lögð á bundið slitlag á héraðs- og tengivegi, en á svæðinu eru rúmlega 1.300 km af héraðs- og tengivegum. Af þeim eru um 500 km malarvegir eða 38%. Um þá vegi ferðast börn og fullorðnir daglega til skóla og vinnu, en auk þess flytja vegirnir ferðamenn að mörgum fallegustu ferðamannastöðum landsins.

3. 2106010 - Gjaldskrá - meðhöndlun úrgangs

Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi;

1.gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi nr. 909/2018.

2. gr.

Gjald er lagt á hverja fasteign vegna rekstrar endurvinnslu- og grenndarstöðva eftir tegundum gjaldaðila:

Íbúðir 23.345 kr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri

Frístundahús 12.150 kr.

Fyrirtæki og atvinnurekstur á lögbýlum 44.275 kr.

Með atvinnurekstri á lögbýli er átt við lögbýli þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni og/eða annar atvinnurekstur.

3. gr.

Á endurvinnslu- og grenndarstöðvum er greitt gjald eftir magni úrgangs í hvert skipti samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá;

úrgangstegund kr/kg m vsk  
Blandaður heimilisúrg. 45  
Grófur úrg. Óflokkaður 55  
Grófur úrg. Flokkaður 20  
Timbur hreint 10  
Timbur litað 20  
Garðaúrgangur 4  
Trjábolir og greinar 6  
Heyrúlluplast 0  
Hjólbarðar 0  
Pappír 0  
Plast - flokkað 0  
Raftæki 0  
Dýrahrað og sláturúrg.\* 31  
Óvirkur úrgangur 4  
Lífrænn úrgangur 10  
Óflokkaður pappi 19  
Spilliefni 3  
Gámaleiga heimsending\*\* 31.000

Gjaldtaka á grenndarstöðvum er ekki hluti af sameiginlegum rekstrarkostnaði

1315 BG KA



sem innheimt er af öllu húsnæði í Skaftárhreppi þ.e. Íbúðar-, frístunda- og atvinnuhúsnæði og lögbýlum. Á grenndarstöðvum er eingöngu tekið við blönduðum heimilisúrgangi, pappír, plasti og lífrænum úrgangi en öðrum úrgangstegundum skal skilað á gámasvæði sveitarfélagsins að lðjuvöllum 7 á Kirkjubæjklaustri. Heyrúlluplasti er safnað af Pure North Recycling í samvinnu við viðkomandi búrekstraraðila.

\*Eingöngu er tekið við dýrahræjum og sláturúrgangi á urðunarsvæði á Stjórnarsandi í samvinnu við rekstraraðila

\*\*Gámaleiga er eingöngu í boði fyrir íbúa Skaftárhrepps hámarkstími 7 dagar

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps samkvæmt Samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi, nr. 909/2018, og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarmir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 995/2018 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skaftárhreppi úr gildi.

**Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda.**

#### 4. 2106014 - Daggjöld á afrétti 2021

Daggjöld árið 2020 voru 15.290,-. Undanfarin ár hafa daggjöld verið framreiðnuð miðað við vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs í júní 2020 var 482,2 stig en er í maí 2021 501,4 stig. Daggjöld árið 2021 yrðu því 15.900,- kr. Miðað yrði við sömu upphæð vegna smölunar heimalanda þegar greiða þarf smölun á kostnað landeigenda.

**Sveitarstjórn samþykkir daggjöld á afrétt og smölun heimalanda fyrir árið 2021.**

Katrín Gunnarsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu tveggja liða

#### 5. 2011001 - Rekstraryfirlit 6 mánaða staða

Sveitarstjóri fer yfir rekstrarstöðu sveitarfélagsins fyrstu 6 mánuði ársins 2021. Launakostnaður hjá Heilsuleikskólanum Kærabæ og íþróttamiðstöð stefnir í að verða hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og leggur sveitarstjóri því til viðauka vegna þess. Heildartekjur síðustu sex mánuði hafa staðið undir heildargjöldum og eru nánast á pari.

**Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2021.**

#### 6. 2011001 - Tillaga að viðauka 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2021-2024

Eins og fram kemur í rekstraryfirliti síðustu 6 mánaða er launakostnaður hærri í fræðslu- og uppeldismálum en gert hafði verið ráð fyrir. Aukningu má að öllu leyti rekja til langtímoveikinda starfsmanna og mikilla forfalla vegna skammtímafjarvista hjá Heilsuleikskólanum Kærabæ en launakostnaður fyrir fyrstu 6 mánuði ársins er nú þegar komin í 62% af áætluðum heildarkostnaði sem er 73.043 þús.kr. Reikna má með að launakostnaður muni verða um 88.457 þús.kr með launatengdum gjöldum um áramót miðað við að það takist að manna þau 12,57 stöðugildi sem þarf til að svara eftirspurn en það stefnir í



að fjöldi barna verði um 42 veturinn 2021-2022.

Í samræmi við ofangreint er lagt til að áætlaður launakostnaður 2021 vegna Heilsuleikskólans Kærabæjar hækki um 15.414 þús.kr.

Launakostnaður vegna æskulýðs- og íþróttamála verður einnig hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem skýrist aðallega af því að ekki reyndist unnt að byrja styttri opnunartíma fyrr en 1. apríl vegna réttinda starfsfólks. Einnig er að koma í ljós að styttung vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk sem tók gildi 1. maí sl. er að hafa meiri áhrif en áætlað var. Af þeim sökum stefnir í að launakostnaður vegna íþróttamiðstöðvar verði 9.587 þús.kr. hærri en áætlað var.

Lagt er til að áætlaður launakostnaður fari úr 21.794 þús.kr í 31.381 þús kr.

Viðauki felur í sér hækkun á rekstrargjöldum í A-hluta um 25.001 þús.kr og verður fjármagnaður með handbæru fé.

**Sveitarstjórn samþykkir viðaukann og felur sveitarstjóra að óska eftir að framkvæmt verði Ytra-mat á Heilsuleikskólanum Kærabæ.**

Katrín Gunnarsdóttir kemur aftur til fundarins

7. 2107001 - Beiðni um umsögn - Melhóll 1 og 2. Guðni Már Steinsson, dags.  
16.06.2021

Fyrir fundi liggur beiðni frá Guðna Má Steinssyni Melhól varðandi umsögn frá sveitarstjórn á fyrirhugðum kaupum á Melhól 1 og 2 í Meðallandi af Ríkiseignum.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar fyrirhuguðum kaupum og vill áréttu mikilvægi þess að ríkisjarðir séu seldar til búsetu og tryggja þannig nýtingu á bújörðum til framtíðar. Það er eindreginn vilji sveitarstjórnar að allar jarðir í sveitarféluginu verði nýttar með það að markmiði að styðja við fjölbreytta atvinnusköpun, eflingu byggðar og styrkingu búsetu.

8. 2107002 - Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs tillögur til umræðu

Jarðfræðin innan þjóðlendu í Skaftárhreppi er nokkuð vel þekkt og þar er fjölbreytileiki jarðminja mikill. Landslag svæðisins er stórbrotið og fjölbreytt, með jöklum, jökulárum, lindárum og gosmyndanum. Mikil litadýrð fylgir landslaginu s.s. rauðt gjall, svartur vikur, hvítir jöklar og grænar grundir.

Sveitarféluginu Skaftárhreppi býðst nú að leggja aukið landsvæði inn í Vatnajökulsþjóðgarð og verja þar með viðkvæm svæði og náttúruperlur sem ómögulegt er fyrir sveitarfélagið að halda utanum og vernda fyrir ágangi ferðamanna.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt fram mat sitt á þau svæði innan þjóðlendna sveitarfélagsins sem þeir telja að hafi ákveðið verndargildi vegna merkilegra náttúruminja.

**KG óskar bókunar;**

Í ljósi þess hraða framgangs sem tillögur um stækkun Vatnajökulsþjóðargarðar virðist ætla að fá hjá ráðherra umhverfismála tel ég rétt að vekja athygli á eftifarandi:

Á fundi sveitarstjórnar þann 10.júní lá fyrir ósk umhverfisráðherra að hitta

HGJ

1317

JK

KA



sveitarstjórnarmenn á sérstökum fundi sem haldinn var 16.júní varðandi stækkun Vatnajökulþjóðgarðar. Sú beiðni var ekki frekar rædd en ákveðið að taka á móti ráðherra og heyra hans málflutning. Þess ber að geta að á þeim sama fundi var samþykkt lýsing á svæðisskipulagi fyrir Suðurhálendi en markmið þeirrar vinna er að marka stefnu um verndun og nýtingu, í samræmi við sjálfbæra þróun og þolmörk einstakra svæða, að uppbygging og nýting taki mið af jákvæðum áhrifum á loftslagsmál, að samræma eftir því sem unnt er stefnu sveitarfélaganna í helstu landnotkunarflokkum, m.a. til mannvirkjagerðar, samgangna, ferðaþjónustu, orkuöflunar- og verndarsvæða, að styrkja landshlutann í heild gagnvart nýtingu auðlinda og atvinnutækifærum og að marka stefnu um stór samfelld verndarsvæði þar sem verður lágt byggingarstig. Sú vinna er enn í gangi.

Ennfremur kemur fram í mati sérfærðinga Náttúrustofnunar Íslands að þörf sé á frekari rannsóknum og öðrum athugunum á náttúrufari og verndargildi þeirra náttúruminja innan svæðisins sem til skoðunar er. Einnig ættu sveitarstjórnarmenn að hafa í huga afdrif frumvarps umhverfisráðherra um stofnun Hálandispjóðgarðs en málinu var vísað til ráðherra m.a. vegna alvarlegs skorts á samráði við hagsmunaaðila. Stíga skal varlega til jarðar við allar tillöguggerðir um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðar m.a. með friðun náttúruminja á svæðum sem tilheyra Skaftárhreppi og nærliggjandi sveitarfélögum. Ákvæði laga um náttúruvernd skal í heiðri höfð og öll vinna byggð m.a. á vísindalegum grunni, mati á heildarálagi, ábyrgð á kostnaði og fræðslu. Tryggt sé að hagsmunaaðilar allir fái aðkomu að málinu s.s. nytjaréttthafar, landeigendur, íbúar og aðrir hagsmunaaðilar svo og að almannaréttur sé virtur. BG tekur undir bókun KG.

EBH, HGÁ og JBJ óska bókunar; Kynningarfundur með sveitarstjórn um mögulega stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs sem haldin var 16. júní var sameiginleg ákvörðun sveitarstjórnarmanna og umhverfisráðherra sem sáu í því tækifæri að skoða með íbúum hugsanlega stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs innan sveitarfélagsins. Þar sem allt land innan þjóðlendna er nú þegar í eigu þjóðarinnar felast tækifæri í stækkun þjóðgarðs þegar kemur að verndun, stýringu á aðgengi ferðamanna og uppbyggingu í ferðaþjónustu ásamt hefðbundinni nýtingu heimamanna. Í framhaldinu verður boðaður fundur með fjallskilanefndum og umhverfis- og náttúruverndarnefnd, og síðan íbúafundur í framhaldinu um mögulega afmörkun á stækkunartillögu Vatnajökulsþjóðgarðs. Samstarf við þjóðgarðinn er heimafólki kunnugt og opnar möguleika á fjármagni til uppbyggingar, stýringar ferðamanna og verndunar viðkvæmra svæða. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs stendur vörð um hefðbundnar nytjar svo sem beit og veiði.

KG óskar bókunar; Aðeins hluti sveitarstjórnar sammæltist um að hefja ferli að friðun og stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs.

#### 9. 2107003 - Syðri-Víkurvegur - fyrirhuguð niðurfelling

Fyrir fundinum liggr afrit af af bréfi Vegagerðar til landeigenda Syðri-Víkur dags. 7. júlí 2021 þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða niðurfellingu Syðri-Víkur vegar í Skaftárhreppi af vegaskrá.

Sveitarstjórn Skaftárhepps mótmælir harðlega fyrirhugaðri niðurfellingu



**Syðri-Víkurvegar (2093-01) Í Skaftárhreppi af vegaskrá þar sem niðurfelling rýrir verðmæti og möguleika til atvinnusköpunar á jörðinni.**

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi við afgreiðslu næstu tveggja liða og felur Bjarka Guðnasyni stjórn fundarins.

10. 2006007 - Tilnefning í ungmannaráð Kötlu Jarðvangs ses.

Ákveðið hefur verið að stofna til ungmannaráðs af hálfa tengslanets hnattrænna jarðvanga og mun tengslanetið fjármagna ferð eins fulltrúa frá hverju jarðvangslandi á næstu UNESCO ráðstefnu hnattrænna jarðvanga þar sem gengið verður frá stofnun Ungmannaráðs hnattrænna UNESCO jarðvanga. Stjórn Kötlu jarðvangs samþykkir að stofna til samráðsnefndar ungmenna Kötlu jarðvangs og beinir því til sveitarfélaganna að tilnefna einn fulltrúa (18-24 ára) úr ungmannaráðum viðkomandi sveitarfélaga.

**Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Ernu Salome Þorsteinsdóttur í ungmannaráð Kötlu Jarðvangs ses. og beinir jafnframt þeim tilmælum til hennar að halda ungmannaráði Skaftárhrepps upplýstu.**

11. 2107004 - Bréf Hafrannsóknarstofnunar til umhverfisráðherra, dags.  
23.06.2021

Miklir þurrkar og lítil úrkoma í langan tíma ásamt köldu vori og júnímánuði hafa orðið til þess að nú eru á annan tug km þurrir í Grenlæk. Lífríki lækjarins er í hættu þar sem allt vatnalif hverfur og þar með þrír árgangar sjóbirtings, en Grenlækur er á náttúrumínjaskrá. Vatnspurð í læknum var var síðast árið 2016 og svo aftur núna 2021. Vegna afleiðinga varnargarða sem veita vatni frá því að renna úr Skaftá út á Eldhraunið hefur vatn sem fellur til Grenlækjar minnkað það verulega að í purrkatíðum lendir lækurinn í þurrð. Hafrannsóknarstofnun sendi bréf til umhverfisráðherra þar sem hvatt er til framtíðarlausna á vandamálinu. Einnig er um að ræða almannahagsmuni stórs hluta íbúa sveitarfélagsins sem horfa uppá mikinn skort á nauðsynlegu vatni til framfærslu og atvinnu í sveitarfélagini.

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur lönaðarráðherra í samvinnu við Umhverfisráðherra að fela stofnunum sem undir þau heyra að ráðast í framkvæmdir án tafar sem skila framtíðarlausn í málinu. Fyrrum forstjóri Hafrannsóknarstofnunar, Sigurður Guðjónsson, skilað til lönaðarráðherra árið 2016 tillögum að lausnum bæði til bráðabirgða og til framtíðar. Ekki þarf því að tefja málið frekar varðandi vatnaveitingarleiðina.**  
**Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.**

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans

12. 2107005 - Fjallskilanefnd A-Síðu. Jón Jónsson, dags. 15.07.2021

Jón Jónsson Prestsbakka óskar eftir að vera leystur frá störfum í fjallskilanefnd Austur-Síðu afréttar.

**Sveitarstjórn þakkar Jóni fyrir störf hans í þágu sveitarfélagsins síðustu ár. Sveitarstjórn tilnefnir Marvin Einarsson til setu í fjallskilanefnd Austur-Síðuafafréttar.**

**Fundargerðir til kynningar**

13. 1801013 -

212. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 07.06.2021

*Bj*

*GG*

1319  
HLA  
*32*  
KA



570. fundur stjórnar SASS, dags. 04.06.2021

89. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu, dags.  
24.06.2021

Fundargerðir kynntar

**Annað kynningarefni**

14. 1801013 -

*Stöðuskýrsla nr. 16 uppbyggingarteymis um uppbyggingu félags- og  
atvinnumála í kjölfar Covid 19. Félagsmálaráðuneytið, dags. 11.06.2021*

Kynnt

Fundargerð er lesin upp og samþykkt

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokað frá 19. júlí til 6. ágúst vegna sumarleyfa  
starfsfólks

Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður 2. september

Fundi slitið kl. 17:44.

Bjarni V. Þorláksson  
Katrín Guðmundsdóttir  
Lia Björk Harðardóttir  
Heida Lundin Þógersdóttir  
Jón Ólafur Jónasson